



Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2021  
Tilvísun: 2021020493/PHH

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Fjarskiptastofu, 506. mál.**

Persónuvernd vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 23. febrúar 2021 um umsögn um frumvarp til laga um Fjarskiptastofu (bskj. 852, 506. mál á 151. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun verði lögð niður í núverandi mynd og að í hennar stað verði sett á stofn ný stofnun að nafni Fjarskiptastofa.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

#### 1.

Í 10. gr. frumvarpsins segir að Fjarskiptastofa skuli starfrækja stafrænan gagnagrunn almennra fjarskiptaneta. Er í 3. mgr. ákvæðisins m.a. kveðið á um að heimilt sé að hagnýta upplýsingar í gagnagrunninum til greiningar á markaðsbresti vegna ríkisaðstodar. Slík greining getur meðal annars lotið að fámennum stöðum og fjarskiptatengingum einstakra heimila. Meðal annars með hliðsjón af þessu kunna að vera í slíkum gagnagrunni upplýsingar sem geta verið persónugreinalagar að einhverju marki. Eins er í 4. mgr. ákvæðisins kveðið á um að heimilt sé að opna fyrir takmarkaðan aðgang almennings að gagnagrunninum, til að mynda um tengingar á mismunandi svæðum sundurliðað eftir staðföngum.

Að mati Persónuverndar er með vísan til þessa mikilvægt að bæta persónuverndarsjónarmiðum við þau atriði sem talin eru upp í ákvæðinu og koma í veg fyrir opinbera miðlun upplýsinga úr gagnagrunninum. Persónuvernd leggur því til þá breytingu á 2. másl. 4. mgr. 10. gr. að hann hljóði svo:

*„Þó skal takmarka aðgengi að upplýsingum ef það er nauðsynlegt í ljósi öryggis neta og áreiðanleika þeirra, þjóðaröryggis, lýðheilsu eða öryggis almennings, trúnaðarkvæða, réttmætra samkeppnishagsmuna, rekstrar- og viðskiptaleyndarmála og persónuverndar.“*



2.

Að gefnu tilefni vill Persónuvernd einnig benda á að framkvæmdastjórn ESB hefur sett fram tillögu að nýrri reglugerð um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum. Reglugerðin kæmi í stað tilskipunar (ESB) 2002/58 frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum (e. ePrivacy Directive). Sú tilskipun var innleidd með fjarskiptalögum nr. 81/2003. Með fjarskiptalögum var eftirlitsskylda og úrskurðarvald felld undir Póst- og fjarskiptastofnun, enda var aðildarlöndum með tilskipuninni látið eftir að velja þá stofnun sem bæri ábyrgð á málaflokknum í viðkomandi landi.

Væntanleg reglugerð hefði það í för með sér að umrædd verkefni færðust yfir til persónuverndarstofnana og yrði Evrópska persónuverndarráðið (e. European Data Protection Board) samræmingaraðili vegna mála sem varða persónuvernd í fjarskiptum en Persónuvernd er aðili að ráðinu fyrir hönd Íslands. Í því sambandi skal tekið fram að samkvæmt svörum systurstofnanna Persónuverndar við spurningum Evrópska persónuverndarráðsins á árinu 2019 sinnir meirihluti persónuverndarstofnana í Evrópu þessum verkefnum nú þegar.

Með hliðsjón af þeirri sérfræðipækkingu sem til staðar er hjá Persónuvernd og þeirri staðreynd að hér reynir umfram annað á mat á vinnslu persónuupplýsinga, sem og því að Persónuvernd er með lögum falið eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga hérlandis, verður að gera athugasemd við að þessi afmarkaði hluti málaflokksins, þ.e. persónuvernd í fjarskiptum, heyrir ekki undir valdsvið stofnunarinnar.

Leggur Persónuvernd því til að verkefni, sem falla undir væntanlega reglugerð, verði að fullu færð undir stofnunina. Í því felst að kveðið verði á um það í frumvarpinu að eftirlit með þeim hluta fjarskiptalaga er lýtur að persónuvernd í fjarskiptum falli undir valdssvið Persónuverndar og lúti ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson

Páll Heiðar Halldórsson